AKUREYRARBÆR
Samfélags- og mannréttindadeild

***Börn og unglingar á Akureyri***
***Foreldrar barna og unglinga á Akureyri***
***Íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafélög á Akureyri***

Akureyri, 18. desember 2015
*2006040018 06-001*

**Efni: Frístundastyrkur Akureyarbæjar 2016**

Frá árinu 2006 hefur Akureyrarbær veitt styrk til allra barna og unglinga á Akureyri til niðurgreiðslu þátttökugjalda hjá íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsfélögum á Akureyri. Styrkurinn tekur gildi árið sem barnið verður 6 ára og fellur úr gildi árið sem unglingurinn verður 18 ára.

Til að nota frístundastyrkinn skal fara inn á heimasíðu þess íþrótta-, tómstunda- og/eða æskulýðsfélags þar sem skrá á barn til þátttöku. Þar er hlekkur inn á skráningarsíðu þar sem foreldrar skrá iðkendur. Í lok skráningar- og greiðsluferilsins geta foreldrar valið um að nota frístundastyrkinn frá Akureyrarbæ til niðurgreiðslu gjalda.

**Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsfélögin veita aðstoð og upplýsingar um skráningu, greiðslu og notkun frístundastyrks hjá hverju félagi fyrir sig.**

- **Árið 2016 gildir styrkurinn fyrir börn fædd árið 1999 til og með 2010**
- **Frístundastyrkurinn gildir frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.**
- **Frístundastyrkurinn árið 2016 er kr. 16.000.-**

Upplýsingar er einnig að finna á eftirfarandi vefslóð www.rosenborg.is/ithrottamal og www.akureyriaidi.is (eftir 5.jan.'16).

Virðingarfyllst,
f.h. Íþróttaráðs Akureyrarbæjar

Ellert Örn Erlingsson
forstöðumaður íþróttamála